



Reykjavík, 21. apríl 2024

USK25030051

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. mars 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Viðreisnar:

Fulltrúi Viðreisnar óskar upplýsinga um hve margar húsnæðiseiningar standa í dag í slæmu ástandi, svo slæmu að það er hvorki íbúðarhæft né starfshæft fyrir vinnustað. Vísa ég þá til dæmis til eignar við Grettisgötu 87. Hversu margar eignir eru í sambærilegri stöðu innan borgarmarkana? Ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir telur fulltrúi Viðreisnar að það sé til bóta fyrir borgina að halda sérstaklega utan um slíkar eignir. Hvaða heimildir liggja fyrir til að afhafast í slíkum málum hvort sem er öflun gagna og til að knýja til betrum bóta?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa, dags. 12. mars 2025.

Svar:

Ekki liggur fyrir samantekt hjá Reykjavíkurborg á því „hve margar húsnæðiseiningar standa í dag í slæmu ástandi, svo slæmu að það er hvorki íbúðarhæft né starfshæft fyrir vinnustað“.

Byggingarfulltrúi getur ef almannahagsmunir eru ríkir beitt úrræðum í samræmi við X. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010, sem getur falið í sér beitingu þvingunarúrræða í formi dagsekta eða látið vinna verkið á kostnað þess sem vanrækt hefur að láta vinna verkið.

56. gr. Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hætta eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar], 1) eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu, skal gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er. Sama gildir ef vanrækt er að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum þessum, ef notkun



Reykjavík



mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun mannvirkis brýtur í bága við skipulag.

[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] 1) og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af ólögmætu atferli. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] 1) leggur þær á.

Byggingarfulltrúi og [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun] 1) geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 2. og 3. mgr. má innheimta með fjárnámi og hefur sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
Umhverfis- og skipulagssvið
Byggingarfulltrúi



Reykjavík